


# Rannsókn á orsökum búferlaflutninga

Póroddur Bjarnason  
*Háskólanum á Akureyri*



Stefán Ólafsson

# Búseta á Íslandi

Rannsókn á orsökum búferlaflutninga

Byggðastofnun  
Nóvember 1997

# Þingsályktun

um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014–2017.

## 4.2. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

*Markmið:* Stefnumótun í byggðamálum og framkvæmd hennar styðjist við traust gögn.

*Aðgerðir:*

- a. Á tímabilinu 2014–2017 verði efnt til samstarfs opinberra stofnana, sérstaklega Hagstofu Íslands og háskóla, um að byggja upp tölfræðilegan gagnagrunn á sviði byggðamála þar sem upplýsingar um þætti á borð við íbúaupróun, atvinnuþátttöku, tekjur, menntun og afkomu atvinnugreina verði aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlega gagnagrunna.
- b. Gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna.
- c. Byggoastoinun kortleggi með beinum hætti hvar grunnþjónusta opinberra aðila og einkaaðila er staðsett og hversu langt íbúar þurfa að sækja þjónustuna. Þessi kortlagning verði undirstaða frekari stefnumörkunar um staðsetningu opinberrar þjónustu ríkisins.
- d. Leitað verði leiða til að efla fræðilegar rannsóknir á sviði byggðamála í samstarfi við íslenska og erlenda háskóla.

*Abyrgð:* Byggoastoinun.

## BYGGÐASTOFNUN

### Rannsóknarteymi

Verkefnisstjóri

Sérfræðingur, t.d.  
félagsfræðingur

Sérfræðingur, t.d.  
mannfræðingur

Tveir sérfræðingar  
Byggðastofnunar

Sérfræðingur, t.d.  
landfræðingur

Sérfræðingur, t.d.  
hagfræðingur

### Helstu verkþættir

Doktorsnemar  
skv. auglýsingu

Spurningakannanir  
skv. tilboðum

Sérvinnsla  
opinberra stofnana  
skv. taxa

Afritun viðtala  
skv. reikningi

Útgáfa skv.  
tilboðum

**Úrvinnsla gagna verður á hendi rannsóknarteymis og doktorsnema**

# Búferlaflutningar og orsakir þeirra

*Yfirlit um íslenskar rannsóknir 1963–2018*

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	2
Mannfjöldaþróun og búferlaflutningar .....	3
Vöxtur höfuðborgarsvæðisins .....	4
Vöxtur suðvestursvæðisins.....	6
Vöxtur Akureyrar .....	7
Þróun annarra landsbyggða .....	9
Búferlaflutningar milli landa .....	10
Orsakir búferlaflutninga .....	12
Áhrif efnahagslíf á búferlaflutninga.....	12
Áhrif atvinnu á búferlaflutninga .....	15
Áhrif menntunar á búferlaflutninga .....	18
Áhrif félagslegra tengsla á búferlaflutninga .....	20
Áhrif verslunar, þjónustu og afþreyingar á búferlaflutninga.....	23
Áhrif húsnæðis og umhverfisskilyrða á búferlaflutninga .....	24
Heimildaskrá.....	27





## **Mannfjöldaþróun og búferlaflutningar**

Mannfjöldaþróun á tilteknu svæði ræðst annars vegar af náttúrulegri fjölgun, eða fæðingum að frádregnum dauðsföllum, og hins vegar af flutningsjöfnuði, eða aðfluttum að frádregnum brottfluttum. Á Íslandi hefur verið náttúruleg fólksfjölgun á hverju ári frá 1884 og frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa fæðingar verið 2–3 þúsund fleiri en dauðsföll á ári (Hagstofa Íslands, 2018b). Vegna búferlaflutninga innanlands hefur þessi fjölgun þjóðarinnar hins vegar að mestu komið fram á höfuðborgarsvæðinu. Að jafnaði hefur náttúruleg fólksfjölgun utan höfuðborgarsvæðisins engu að síður að jafnaði verið meiri en sem nemur fækkun vegna flutninga og til lengri tíma litið hefur íbúum flestra landsvæða því farið fjölgandi.

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga á landsvísu*

- Að hvaða marki einkennast búferlaflutningar á Íslandi af keðjuflutningum milli byggðarlaga í átt að meira þéttbýli?
- Hvaða áhrif hafa endurteknir flutningar afmarkaðra hópa á tölur um búferlaflutninga?
- Hverjar eru búsetufyrirætlanir landsmanna í samanburði við niðurstöður fyrri rannsókna?
- Hvernig tengjast búferlaflutningar kyni og uppruna á tilteknum æviskeiðum?
- Hvert er sambandið milli hlutfalls kynjanna í einstökum landshlutum og flutningsjafnaðar samtímans annars vegar og flutningsjafnaðar fyrri tíma hins vegar?

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga á höfuðborgarsvæðinu*

- Hvaða áhrif hefur höfuðborgarsvæðið á flutningsjöfnuð Íslands gagnvart öðrum löndum?
- Hver er samsetning íbúafjöldans á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til innfæddra og aðfluttra innan lands og utan?
- Hverjar eru búsetufyrirætlanir íbúa höfuðborgarsvæðisins í samanburði við niðurstöður fyrri rannsókna?
- Hversu algeng er tímabundin búseta á höfuðborgarsvæðinu á ákveðnum æviskeiðum með tilliti til kyns og uppruna?
- Hver er hlutur innfæddra í búferlaflutningum til höfuðborgarsvæðisins og aðkomufólks í búferlaflutningum frá höfuðborgarsvæðinu?



*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga á suðvestursvæðinu*

- Hvar eru byggðarlög á suðvestursvæðinu staðsett í hugsanlegum flutningskeðjum milli einstakra landshluta, höfuðborgarsvæðisins og annarra landa?
- Fylgja búferlaflutningar á suðvestursvæðinu sama mynstri og búferlaflutningar í úthverfum borgarinnar?
- Hversu stór hluti aðfluttra á suðvestursvæðinu vill helst búa þar og hversu stór hluti hefði að öðru jöfnu frekar kosið búa á höfuðborgarsvæðinu?
- Að hvaða marki skýrist fólksfjölgun á suðvestursvæðinu af aðflutningi fólks sem þar á uppruna en fluttist á brott á yngri árum?
- Hvers vegna eru fólksflutningar á Suðvestursvæðinu mestir til Suðurnesja en minnstir til byggðarlaga á sunnanverðu Vesturlandi?

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga á Akureyri*

- Hvaða áhrif hefur Akureyri á flutningsjöfnuð Norðurlands gagnvart höfuðborgarsvæðinu og öðrum löndum?
- Er vöxtur Akureyrar staðbundinn í þeim skilningi að meirihluti aðfluttra séu upphaflega af Norðurlandi og komi þangað annað hvort beint eða óbeint eftir búsetu annars staðar?
- Hverjar eru búsetufyrirætlanir innfæddra og aðfluttra íbúa Akureyrar í samanburði við fyrirætlanir íbúa höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta?
- Hversu algeng er tímabundin búseta á Akureyri eða utan hennar á tilteknu æviskeiði í samanburði við höfuðborgarsvæðið og aðra landshluta?
- Hvaða flutningsmynstur liggja til grundvallar lágu hlutfall erlendra ríkisborgara og háu hlutfalli kvenna á Akureyri?

### *Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga annarra landsbyggða*

- Hvaða áhrif hafa landshlutamiðstöðvar á flutningsjöfnuð einstakra svæða gagnvart Akureyri, höfuðborgarsvæðinu og öðrum löndum?
- Er meirihluti aðfluttra til einstakra landshlutamiðstöðva upphaflega af viðkomandi svæði og koma þangað annað hvort beint eða óbeint eftir búsetu annars staðar?
- Hverjar eru búsetufyrirætlanir íbúa einstakra svæða í samanburði við niðurstöður fyrri rannsókna?
- Hversu algengt er að fólk flytji í meira þéttbýli á yngri árum en snúi aftur til heimabyggðar á síðari æviskeiðum?
- Hver er munurinn á búferlaflutningum lögbýla og annars strjálbýlis?

### *Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi búferlaflutninga milli landa*

- Að hvaða marki flytja íslenskir ríkisborgarar milli landshluta á Íslandi með búsetu erlendis í millitíðinni?
- Hverjar eru fyrirætlanir íslenskra ríkisborgara um búsetu erlendis og erlendra ríkisborgara um búsetu hérlendis í samanburði við niðurstöður fyrri rannsókna?
- Hversu stór hluti erlendra ríkisborgara vill helst búa hér og hversu stór hluti hefði að öðru jöfnu frekar kosið búa í heimalandi sínu eða öðrum löndum?
- Hversu algeng er tímabundin búseta á hérlendis og erlendis á ákveðnum æviskeiðum með tilliti til kyns og uppruna?
- Hvernig tengjast búferlaflutningar milli einstakra byggðarlaga hérlendis og erlendis þéttbýlisstigi þeirra?

## Orsakir búferlaflutninga

Búferlaflutningar eiga sér margvíslegar orsakir og ólíkir þættir geta skipt máli eftir hvort leitað er skýringa á mynstri flutninga yfir langan tíma eða ákvörðunum einstaklinga á tilteknum tímapunkti. Straumur fólks úr dreifbýli í þéttbýli er þannig hluti langvarandi þjóðfélagbreytinga sem umbreytt hafa atvinnuháttum, tækni, lífskjörum, lífsháttum, stjórnámálum og menningu á Íslandi líkt og í öðrum löndum (Axel Hall o.fl. 2002; Hagfræðistofnun og Byggðarannsóknastofnun, 2003; Stefán Ólafsson, 1997). Hins vegar taka einstaklingar daglega ákvarðanir um að flytja búferlum eða vera um kyrrt út frá margvíslegum persónulegum forsendum.

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi áhrif efnahagslífs á búferlaflutninga*

- Hvert er samband búferlaflutninga og samsetningar efnahagslífs á einstökum svæðum?
- Hvert er samband búferlaflutninga og svæðisbundins hagvaxtar?
- Er samband búferlaflutninga og svæðisbundins efnahagslífs háð kyni, aldri og uppruna?
- Hvaða áhrif hafa samgöngubætur á afskekkt byggðarlög fjarri stærri þéttbýlisstöðum?
- Hvaða áhrif hefur efnahagsástand í öðrum löndum á búferlaflutninga milli landa?

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi áhrif atvinnu á búferlaflutninga*

- Hvers vegna tengist lágt atvinnuleysi ekki jákvæðum flutningsjöfnuði á einstökum svæðum?
- Eru vinnusóknarsvæði karla og kvenna misstór?
- Eru vinnustaðir í meira þéttbýli fjölskylduvænni og staða kvenna þar betri?
- Hefur fjölbreytni starfa um allt land aukist eða minnkað með aukinni tækni og bættum samgöngum og hvaða áhrif hefur það haft á búferlaflutninga?
- Hvaða áhrif hafa breytingar í einstökum atvinnugreinum haft á búferlaflutninga?



*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar varðandi áhrif menntunar á búferlaflutninga*

- Hvaða áhrif hafa aðgengi, fjölbreytni og gæði náms á grunnskóla- og framhaldsskólastigi á ákvarðanir foreldra um búferlaflutninga?
- Hvernig tengist svæðisbundið námsframboð í list- og iðngreinum á búsetu brautskráðra nemenda á einstökum svæðum?
- Hver eru áhrif fjarnáms á framhaldsskólastigi á búsetu fjölskyldna í dreifðum byggðum?
- Hvaða áhrif hafa þættir á borð við félagsmótun, fjölskylduaðstæður og atvinnutækifæri á búsetufyrirætlanir háskólanema?
- Að hvaða marki mæta búferlaflutningar erlendra ríkisborgara þörf fyrir háskólamenntað vinnuafli utan höfuðborgarsvæðisins?

*Fimm dæmi um rannsóknarspurningar um áhrif félagslegra tengsla á búferlaflutninga*

- Hvaða áhrif hafa hjónabönd og skilnaðir á búferlaflutninga?
- Hvernig tengjast aðstæður foreldra og fullorðinna barna búferlaflutningum?
- Hvernig tengjast sameiginlegar ákvarðanir um búferlaflutninga stöðu kynjanna?
- Hver eru áhrif vina og félagslífs á búferlaflutninga?
- Hvaða áhrif hefur viðmót heimafólks á búferlaflutninga aðkomufólks?




### *Fimm dæmi um rannsóknarspurningar um áhrif verslunar og þjónustu á búferlaflutninga*

- Er hægt að greina betur á milli áhrifa atvinnutækfæra og þjónustustigs á búferlaflutninga í tengslum við verslun, þjónustu og afþreyingu?
- Hvernig tengjast einstakir þættir verslunar, þjónustu og afþreyingar búferlaflutningum?
- Hvaða áhrif hafa breytingar á heilbrigðisþjónustu á borð við fækkun fæðingardeilda haft á búferlaflutninga frá einstökum landsvæðum?
- Hvaða áhrif hafa menningarsamningar og bygging menningarhúsa víða um land haft á búsetuánægu og búferlaflutninga?
- Hvaða áhrif hefur netið haft á tengsl búferlaflutninga og framboðs á verslun, þjónustu og afþreyingu í einstökum byggðarlögum?



### *Fimm dæmi um rannsóknarspurningar um áhrif húsnæðis og umhverfis á búferlaflutninga*

- Að hvaða marki stafa búferlaflutningar til byggðarlaga á suðvestursvæðinu af því að fólk nýti þau sem úthverfi til búsetu en sækir atvinnu og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu?
- Hvaða áhrif hefur húsnæðiskostnaður á ákvarðanir um búferlaflutninga milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta?
- Hvaða áhrif hefur húsnæðismarkaður á búferlaflutninga í byggðarlögum þar sem fasteignaverð er lægra en byggingarkostnaður?
- Hvaða áhrif hafa umferðartafir og óþægindi af umferð á búferlaflutninga frá höfuðborgarsvæðinu?
- Hvaða áhrif hefur ótti um persónulegt öryggi á búferlaflutninga einstakra byggðarlaga?

	Undirbúningur	Opinber gögn	Spurningalistar	Viðtöl	Vettvangur	Greining						
<b>2018</b>	Janúar											
	Febrúar											
	Mars											
	Apríl											
	Maí											
	Júní											
	Júlí											
	Ágúst											
	September	MÁLÞING UM ORSAKIR BÚFERLAFLUTNINGA										
	Október											
	Nóvember											
	Desember											
<b>2019</b>	Janúar											
	Febrúar											
	Mars											
	Apríl											
	Maí											
	Júní											
	Júlí											
	Ágúst											
	September											
	Október											
	Nóvember											
	Desember											
<b>2020</b>	Janúar											
	Febrúar											
	Mars											
	Apríl											
	Maí											
	Júní											
	Júlí											
	Ágúst											
	September											
	Október											
	Nóvember											
	Desember											
<b>2021</b>	Janúar											
	Febrúar											
	Mars											
	Apríl											
	Maí						RÁÐSTEFNA UM ORSAKIR BÚFERLAFLUTNINGA					
	Júní											







# Næstu skref

## Apríl

- Undirbúningur

## Maí

- Fundur með starfsfólki Byggðastofnunar

## September

- Kynningarfundir fyrir norðan og sunnan
- Rannsakendur, sérfræðingar, áhugafólk

## Október

- Endanlegt skipulag
- Málþing með íslenskum og erlendum sérfræðingum

